

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur nr. 84 28. janúar 1980.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur frá og með 10. maí 1980:

- a) Gjöld samkvæmt 3. gr. 4. gr., 5. gr. og 11. gr. gjaldskrárinnar hækki um 10%.
- b) Gjöld samkvæmt 7. gr. gjaldskrárinnar hækki um 58%.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness nr. 22 24. janúar 1978, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 930.00 á mánuði fyrir hvern hemil.
- b) Vatnsgjald kr. 3 850.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.